

Almennt um námið

Nám í lögfræði til B.A.-prófs við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt fræðilegt nám þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. M.L.-námið byggir ofan á þennan fræðilega grunn og lögð er áhersla á að þjálfra hagnýta færni nemenda á megin sviðum íslenskrar lögfræði.

Meistaránám í heimskautarétti

Veðurfarsbreytingar eru famar að hafa veruleg áhrif á bæði norður- og suðurskautssvæðin, hugsanleg er opnun nýrra skipaleiða, leysa þarf deilur um landamæri og markalínur hafsvæða, bæði þær deilur sem þegar eru fyrir hendi og aðrar er upp kunna að koma. Á innlandum sem alþjóðlegum vettvangi er í vaxandi mæli fjallað um viðfangsefni og álitæfni tengd stjórnum, hvort heldur er landsyfirvalda eða staðbundinna stjórnvalda og síðast en ekki síst vegna þess að umhverfisógn er mikil og hættumerki mörg sem kalla á bráðar aðgerðir. Eitt þeirra áhugaverðu rannsóknarsviða, sem námið getur lagt lið, tengist þeim lærdómi er hugsanlega má draga af því lagakerfi sem þegar er til fyrir Suðurskautslandið, við að finna lausnir fyrir norðurskautssvæðin.



„Í lögfræðinni við Háskólann á Akureyri fékk ég djúpan skilning á viðfangsefninu og tileinkaði mér öguð vinnubrögð sem reynst hefur mér ómetanlegt veganesti.“

Ingólfur Friðriksson

meistaránemi og sérfræðingur á viðskiptasviði utanríkisráðuneytisins



„Lotukennsla, símat, toppkennarar, persónulegt umhverfi og svo miklu meira er það sem lögfræðikennslan við Háskólann á Akureyri býður upp á.“

Vigdís Ósk Sveinsdóttir

löglærður fulltrúi hjá Lög mönnum Höfðabakka

Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurlóð 2
600 Akureyri
Sími: 460 8000

Skrifstofustjóri
hug- og félagsvísindasviðs:
Heiða Kristín Jónsdóttir,
sími 460 8039,
netfang hkj@unak.is

Forseti
hug- og félagsvísindasviðs:
Sigurður Kristinsson,
netfang: sigkr@unak.is

Brautarstjóri B.A.-náms:
Ágúst Þór Ármason,
netfang: agust@unak.is

Brautarstjóri M.L.-náms:
Þorsteinn Hjaltason,
netfang: thjalta@unak.is

Umsjónarmaður
LL.M.-náms (Polar Law):
Markus Meckl,
netfang: polarlaw@unak.is

www.unak.is

Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

10|11
HUG- OG
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LÖGFRÆÐI B.A. / M.L. / LL.M. / M.A.

www.unak.is



B.A.-NÁM Í LÖGFRÆÐI

Meginmarkmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, í Evrópu og víðar. Nemendur læra að fjalla með gagnrýnum hætti um lögfræðileg málefni. Þeir þjálfast í að setja fram og skilgreina lögfræðileg álitamál og öðlast færni í faglegri og fræðilegri framsetningu lögfræðilegra viðfangsefna, bæði munnlega og skriflega, jafnt á íslensku sem ensku.

B.A.-námið er traustur grunnur fyrir framhaldsnám í lögfræði, svo sem M.L.- og LL.M.-nám við Háskólann á Akureyri. Námið nýttist einnig vel sem fræðileg undirstaða fyrir framhaldsnám í öðrum greinum eins og alþjóðasamskiptum, alþjóðastjórnmalum og skyldum greinum.

Lotukennsla

Námskeiðin í B.A.-náminu eru kennd á íslensku eða ensku af föstum kennurum deildarinnar eða gestakennurum, erlendum og innlendum. Kennararnir eru sérfræðingar hver á sínu sviði. Námskeiðin eru í þriggja vikna lotum sem þýðir að nemandi situr aðeins eitt námskeið á hverjum tíma. Svipað fyrirkomulag er í námi í heimskautarétti (LL.M.) en kennslan þar fer öll fram á ensku. Í M.L.-náminu fer kennslan að mestu fram á íslensku og skipulag námsins er með hefðbundnum hætti.

Símat

Námsmat í B.A.- og LL.M.-náminu byggir á símati sem þýðir að námskeiðum lýkur ekki með einu lokaprófi heldur eru verkefni, ritgerðir og hlutapróf lögð fyrir jafnt og þétt. Það krefst jafnrar ástundunar og gerir nemendum kleift að fylgjast vel með eigin árangri.

Kennarar

Kennarar við lagadeildina eru auk fastra kennara við Háskólann á Akureyri úr öðrum virtra fræðimanna, lögmannna, dómara og annarra starfandi lögfræðinga, íslenskra sem erlendra.

Uppbygging námsins*

1. ár		2. ár		3. ár	
Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Lögfræðitorg I	Lögfræðitorg II	Evrópuréttur I: Stofnanir og réttarheimildir ESB/EES	Hagnýtur málfutningur	Capita Selecta I	Alþjóðlegur einkamálaréttur
Inngangur að íslenskrí lögfræði	Réttarheimildarfræði	Inngangur að samningarétti	Evrópuréttur II: Innri markaður ESB/EES	Inngangur að refsí- og eignarétti	Capita Selecta II
Rómarréttur	Kennileg lögfræði	Réttindafræði	Hafréttur	Málstofur í lögfræði	B.A.-verkefni í lögfræði II
Saga, þróun og einkenni meginlandsréttar	Saga, þróun og einkenni fordæmisréttar	Mannréttindafræði	Samanburðarstjórnskipunaréttur	Réttarfélagfræði	Síðfræði starfsgreina
Þjóðaréttur	Réttarsaga Íslands	Stjórnskipunarfræði	B.A.-verkefni í lögfræði I	þættir í stjórnsluréttri	Alþjóðleg málfutningskeppni Phillip C. Jessup (valgrein)
Vinnubrögð og gagnrýnin hugsun	Lögskýringar				Hagnýtur málfutningur I

* Birt með fyrirvara um breytingu á námskrá



M.L.-NÁM Í LÖGFRÆÐI

Við Háskólann á Akureyri er boðið tveggja ára nám á meistarastigi í lögfræði sem lýkur með prófgráðunni magister leges (M.L.). Sú prófgráða, í framhaldi af þriggja ára B.A.-prófi í lögfræði, jafngildir hefðbundnu fimm ára námi til embættisprófs í lögfræði (cand.jur.). Áherslan í náminu er á hagnýta íslenska lögfræði, jafnt á sviði opinbers réttar, einkamálaréttar, refsiréttar og réttarfars. Þannig verða nemendur mjög vel í stakk búnir til að takast á við lögfræðistörf sem lögmenn, lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum eða dómara. Kennslu annast fastir kennarar deildarinnar auk starfandi lögfræðinga. Námið fer fram á íslensku.

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði í meistaranám í lögfræði er B.A.-gráða í lögfræði frá HA eða önnur sambærileg prófgráða. Almennt er miðað við heildareinkunn 7 að lágmarki (eða sambærilega einkunn í öðru einkunnakerfi).

Nemendur sem uppfylla ekki framangreind inntökuskilyrði geta þó sótt um í M.L.-námið og metur deildin slíkar umsóknir hverja fyrir sig.

Símat

Námsmatíð byggir á símati með sama hætti og í B.A.-náminu sem þýðir að námskeiðum lýkur ekki með einu lokaprófi heldur eru verkefni, ritgerðir og hlutapróf lögð fyrir jafnt og þétt. Það krefst jafnrar ástundunar og gerir nemendum kleift að fylgjast vel með eigin árangri.

Félagslíf laganema

Laganemar eru félagar í ÞEMIS, sem er aðili að Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri. ÞEMIS stendur fyrir margvíslegri starfsemi, svo sem öflugum félagslífi á meðal laganema ásamt því að gæta hagsmuna þeirra og aðstoða þá sem hyggja á skipti- eða framhaldsnám við erlenda háskóla. Jafnframt gefa laganemar út fræðilegt ársrit sem nefnist Lögfræðingur. Sjá nánar á slóðinni themis.fsha.is.

Uppbygging námsins*

1. ár		2. ár	
Haust	Vor	Haust	Vor
Eignaréttur	Lokaverkefni á meistara-stigi í lögfræði I	Krófuréttur I	Félagaréttur
Einkamálaréttarfar	Lokaverkefni á meistara-stigi í lögfræði II	Lokaverkefni á meistara-stigi í lögfræði III	Krófuréttur II
Stjórnskipunaréttur	Fjölskylduréttur	Samningaréttur	Lokaverkefni á meistara-stigi í lögfræði IV
Stjórnsluréttur	Sakamálaréttarfar	Skaðabótaréttur	Lokaverkefni á meistara-stigi í lögfræði V
	Vinnuréttur	Skattaréttur	Refsiréttur

* Birt með fyrirvara um breytingu á námskrá

HEIMSKAUTARÉTTUR (POLAR LAW) LL.M./M.A.

Heimskautaréttur lýsir lagaumhverfi norður- og suðurskautsins. Í námsefninu er lögð áhersla á þau svið alþjóðalaga og landsréttar sem tengjast heimskautasvæðunum. Tekið er á viðfangsefnum umhverfislaga og fjölbreytni lífríkisins, mannréttinda, hafréttar, laga um sjálfbæra þróun og auðlindir, þar á meðal á álitamálum er varða fullveldi og deilur um markalínur á sjó og landi, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfstjórn og stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Í náminu er mikið lagt upp úr alþjóðlegu samstarfi við háskóla víðs vegar um heiminn. Meistaránámið við Háskólann á Akureyri er það fyrsta sinnar tegundar.

Háskólinn á Akureyri býður eftirfarandi námsleiðir í heimskautarétti:

120 eininga meistaranám sem lýkur með M.A.-gráðu

90 eininga meistaranám sem lýkur með LL.M.-gráðu (Legum Magister, meistari í lögum)

60 eininga diplómunám á meistarastigi

60 eininga diplómunám á bakkalárstigi

Að námi loknu

Meistaranám í heimskautarétti er bæði ætlað löglærðum (LL.M.) sem og þeim sem ekki hafa lagt stund á nám í lögfræði (M.A.). Nám í heimskautarétti undirbýr nemendur fyrir störf hjá opinberum aðilum sem einkafyrirtækjum, á mismunandi stigi stjórnsýslu, hjá alþjóðasamtökum, hjá frjálsum félagasamtökum, hjá frumbyggjapjóðum á norðurskautssvæðinu sem og hjá háskólum og rannsóknarstofnunum. Meistaraprófsnámið (LL.M. og M.A.) er einnig góður undirbúningur fyrir doktorsnám eða frekari rannsóknir á málefnum heimskautanna.

Námskeið og kennarar

Kennarar í náminu eru þau Guðmundur Alfreðsson, Niels Einarsson, Malgosia Fitzmaurice, Lauri Hannikainen, Tómas H. Heiðar, Lassi Heininen, Jón Haukur Ingimundarson, Timo Koivurova, Joan Nymand Larsen, Natalia Loukacheva, Tavis Potts, Kári á Rógvi, David Vanderzwaag, Margrét Heinreksdóttir og fleiri leiðandi fræðimenn og sérfræðingar á sviði heimskautaréttar.

Námskeið*	
Inngangur að heimskautarétti	Hafréttur
Umhverfisréttur og fjölbreytni lífríkisins	Samfélög og menning á norðurskautssvæðinu
Frumbyggjaréttur	Samanburður á stjórnkerfum norðurskautssvæðisins
Hefðarréttur frumbyggja og annarra samfélaga á norðurskautssvæðinu	Alþjóðasamvinna og öryggismál
Hlutverk alþjóðlegra og svæðisbundinna samtaka á heimskautssvæðinu	Skattaréttur
	Færeyskur réttur
	Efnahagsmál og viðskipti á heimskautasvæðum

* Birt með fyrirvara um breytingu á námskrá

Nemendur sem ekki hafa lokið inngangsnámskeiði í þjóðarétti gera það á fyrsta misseri námsins. **Umsóknarfrestur er til 5. júní.**



„Heimskautaréttur við Háskólann á Akureyri tengir saman mörg svið þjóðaréttar og landsréttar, er í senn þverfaglegt og hnitmiðað nám. Áhersla er lögð á réttarsvið sem eru heimskautaríkjunum mikilvæg og fólkinu sem löndin byggja. Einstakur hópur fræðimanna hefur komið að náminu svo fyrir vikið er alþjóðlegur bragur á kennslunni og fjölbreytt sýn á þau álitamál sem upp koma í tengslum við viðfangsefni námskeiðanna. Námið er í takt við síaukinn áhuga á heimskautasvæðunum og nýtur góðs af nærveru við ýmsar stofnanir, s.s. Stofnun Vilhjálm Stefánssonar, PAME og CAFF, auk heldur samstarfs við University of the Arctic.“

Guðmundur Egill Erlendsson
nemandi í heimskautalögfræði

Ítarleg námskrá með námskeiðs lýsingum er á heimasíðu háskólans: www.unak.is (velja Lagadeild → Náms- og kennsluskrá).